

# RÁÐGJAFI

## á sviði starfsendurhæfingar



VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Verkalýðsfélag Grindavíkur leitar að ráðgjafa í 100% starf með starfsstöð í Grindavík. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánunni samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjupjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Viðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Kostur að vera pólskumælandi

Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknnum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um VLFGRV er að finna á [vlfgrv.is](http://vlfgrv.is) og um VIRK á [virk.is](http://virk.is).

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. október 2019.**

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda ítarlega ferliskrá á [netfangið audur@virk.is](mailto:audur@virk.is)**

Nánari upplýsingar veita Auður Þórhallsdóttir hjá VIRK og Hörður Guðbrandsson hjá VLFGRV.

